

Hlutverk fjölskylduráðs Garðabæjar varðandi meðferð mála er undir barnaverndarnefnd heyra og umboð til starfsmanna

1. gr.

Fjölskylduráð Garðabæjar fer með hlutverk barnaverndarnefndar Garðabæjar sbr. 10.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Fjölskylduráð skal starfa að barnavernd í Garðabæ, sbr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og sinna verkefnum sem ráðinu eru falin í ættleiðingarlögum og barnalögum, enda séu þau störf ekki falin öðrum eða í höndum starfsmanna.

3. gr.

Barnaverndarstarf í Garðabæ skal hafa það að leiðarljósi að tryggja börnum í sveitarfélaginu viðunandi uppeldisskilyrði með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og vernda einstök börn þegar við á.

4. gr.

Starfsmenn Fjölskyldu- og heilbrigðisviðs kanna og fara með einstök barnaverndarmál í umboði fjölskylduráðs Garðabæjar undir stjórn félagsmálastjóra.

Með starfsmönnum er átt við fastráðna starfsmenn á fjölskyldu- og heilbrigðisviði og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir ráðið.

Félagsmálastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu mála eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Starfsmenn hafa umboð ráðsins til að vinna barnaverndarmál skv. málsmeðferðarreglum barnaverndarlaga nr. 80/2002, svo lengi sem mál er unnið í samvinnu við málsaðila.

5. gr.

Fjölskylduráð framselur ekki til starfsmanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt barnaverndarlögum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. Ber starfsmönnum í framangreindum tilvikum að leggja mál fyrir ráðið. Starfsmenn skulu jafnframt leggja mál fyrir ráðið í eftirtöldum tilvikum:

- þegar ekki tekst samvinna um gerð áætlunar um stuðningsaðgerðir
- þegar samvinna um framkvæmd áætlunar skv. 19. gr. gengur ekki eftir
- þegar stuðningur felst í því að barn fari í varanlegt fóstur skv. g-lið 21. gr. bvl.
- þegar um er að ræða alvarlegt barnaverndarmál eða starfsmaður telur ástæðu til að leggja mál sérstaklega fyrir fjölskylduráð.

Mál skal ætíð lagt fyrir fjölskylduráð með skriflegri greinargerð.

Starfsmenn skulu kynna foreldrum/forsjáraðilum barns fyrirfram að mál þess verði lagt fyrir fjölskylduráð.

Starfsmenn skulu kynna aðilum greinargerð og önnur gögn málsins, að svo miklu leyti sem það er ekki talið andstætt hagsmunum barns. Fjölskylduráði skal greint frá því ef aðilum máls hefur verið meinaður aðgangur að gögnum og hefur ráðið endanlegt úrskurðarvald þar að lútandi.

Gögn er liggja til grundvallar ákvörðunum fjölskylduráðs skulu afhent málsaðilum nema ráðið hafi úrskurðað annað, sbr. 45. gr. bvl.

6. gr.

Komi fram beiðni frá dómsmálaráðuneyti eða dómara um umsögn fjölskylduráðs áður en forsjármáli er ráðið til lykta, skulu starfsmenn annast könnun máls og gera skriflega greinargerð. Það sama gildir ef sýslumaður eða dómsmálaráðuneyti leitar eftir umsögn vegna deilu um umgengnisrétt barns og foreldris sem ekki fer með forsjá þess eða farið er fram á umsögn fjölskylduráðs um ættleiðingar. Starfsmenn skulu leggja skriflega greinargerð fyrir fjölskylduráð í þessum tilvikum.

7. gr.

Starfsmenn skulu vekja athygli málsaðila á rétti þeirra til að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en fjölskylduráð kveður upp úrskurð eða veitir umsögn sína.

Starfsmenn skulu ennfremur vekja athygli aðila á rétti til aðstoðar lögmanns og kynna möguleika á því að fá fjárhagsaðstoð í því skyni sbr. 47. gr. barnaverndarlaga og reglur Garðabæjar þar um.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
4. desember 2003*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*